

1. INNGANGUR	2
2. UM STÖRF STARFSHÓPSINS.....	2
3. YFIRLIT YFIR EYÐUBLÖÐ, UMSÓKNIR, VOTTORÐ O.FL.	2
3.1 ALMENNT.	2
3.2 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI.	2
3.3 RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI.	3
3.3.1 <i>Almennt.</i>	3
3.3.2 <i>Áfengislög.</i>	3
3.3.3 <i>Vopnalög.</i>	3
3.4 LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.....	4
3.4.1 <i>Almennt.</i>	4
3.4.2 <i>Yfirlit yfir helstu leyfi.</i>	5
3.5 SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK.....	5
3.5.1 <i>Þinglýsinga- og skráningadeild.</i>	5
3.5.2 <i>Sifja- og skiptadeild.</i>	5
4. RAFRÆNAR UNDIRSKRIFTIR.....	6
5. FYLGIGÖGN MEÐ UMSÓKNUM.....	7
6. GJALDTAKA VEGNA LEYFA, VOTTORÐA O.Þ.H.	7
7. RAFRÆN EYÐUBLÖÐ.	7
7.1 EYÐUBLÖÐ O.FL. SÓTT Á HEIMASÍÐU OG PRENTUÐ ÞAR ÚT.	7
7.2 EYÐUBLÖÐ O.FL. SÓTT Á HEIMASÍÐU, FYLLT ÚT Í TÖLVU OG PRENTUÐ ÚT.	8
7.3 GAGNVIRK RAFRÆN SAMSKIPTI.	8
7.4 HÖNNUN EIGIN VEFVIÐMÓTS – GAGNAGRUNNSLAUSN.....	9
8. SAMANTEKT.....	9

1. Inngangur

Þann 4. janúar 2001 skipaði dómismálaráðuneytið starfshóp er hefur það hlutverk að skoða þær umsóknir (eyðublöð), leyfisveitingar, vottorð o.þ.h. sem almenningur sækir til ráðuneytisins og stofnana þess. Starfshópnum var falið að gera yfirlit yfir þessa þætti og gera tillögur um með hvaða hætti er hægt að koma á rafrænum aðgangi að þessum gögnum og skoða hvort, hvenær og hvernig hægt sé að skila á rafrænu formi, einkum með tilliti til öryggisatriða, persónuverndar o.fl.

Í starfshópinn voru skipuð Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur í dómismálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður hópsins, Anna Mjöll Karlsdóttir, skrifstofustjóri, tilnefnd af sýslumanninum í Reykjavík, Stefán Hirst, lögfræðingur yfirstjórnar, tilnefndur af lögreglustjóranum í Reykjavík og Snorri Sigurjónsson, lögreglufulltrúi, tilnefndur af ríkislögreglustjóra.

2. Um störf starfshópsins.

Starfshópurinn hélt samtals 6 fundi og lauk störfum í desember 2001 með skýrslu þessari. Starfshópurinn kynnti sér m.a. þjónustu Form.is og fékk á fund til sín Þorvarð K. Ólafsson, Skráningarstofunni, til að ræða hvaða tæknilegar ráðstafanir þurfi að gera til að hægt sé að nota þjónustu Form.is og jafnframt til að ræða hvaða aðrir möguleikar væru fyrir hendi til að koma á rafrænum eyðublöðum o.þ.h.

3. Yfirlit yfir eyðublöð, umsóknir, vottorð o.fl.

3.1 Almenn.

Starfshópurinn tók saman þau eyðublöð, vottorð o.þ.h. sem almenningur sækir til ráðuneytisins, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannsins í Reykjavík.

Svo virðist sem uppfæra þurfi og leiðrétta sum eyðublöð og/eða leiðbeiningareglur sem þeim fylgja, áður en þeim verður komið á rafrænt form.

3.2 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

- Umsókn um réttarástoð til að leita nauðasamninga
- Umsókn til að vera héraðsdómslögmaður ásamt yfirlýsingu.
- Beiðni um nauðungarvistun ásamt læknisvottorði.
- Umsókn um að feðrað barn verði kennt til stjúpfóreltris.
- Umsókn um breytingu á eiginnafni og/eða millinafni manns.
- Umsókn forsjármanns um breytingu eiginnafns barns 1 til 18 ára.
- Umsókn um fósturbarn, sem er í varanlegu fóstri hjá fósturfóreltrum, sé kennt til fósturfóreltris.
- Umsókn um breytingu kenninafns.
- Umsókn um leyfi til ættleiðingar.
- Umsókn um vilyrði fyrir ættleiðingu á erlendu barni.
- Læknisvottorð fyrir væntanlegt kjörforeldri.

- Umsókn um íslenskan ríkisborgararétt.
- Umsókn um að íslenskum ríkisborgara, sem fengið hefur íslenskt ríkisfang með nafnbr.skilyrðum, verði heimilað að taka upp aftur þau nöfn sem hann bar fyrir og/eða fella þau nöfn, sem honum var gert að taka að sér.
- Umsókn um niðja íslensks ríkisborgara, sem fengið hefur íslenskt ríkisfang.
- Umsókn um niðja, undir 18 ára aldri, íslensks ríkisborgara.
- Umsókn um heimild dómsmálaráðuneytisins fyrir erlenda ríkisborgara til að kaupa íbúð.

Umsóknir sem spurt er um en eru ekki til eyðublöð:

- Umsókn fyrir happdrættisleyfi
- Umsókn fyrir fasteignasala.
- Umsókn fyrir endurveitingu ökuleyfis.
- Umsókn fyrir gjafsókn.
- Umsókn fyrir hjúskaparleyfi.
- Umsókn fyrir löggildingu ökukennara.
- Umsókn fyrir öryggisþjónustu.

3.3 Ríkislögreglustjóri.

3.3.1 Almennt.

Áfengis- og vopnalagadeild annast leyfisveitingar og aðra starfsemi sem heyrir undir hlutverk ríkislögreglustjórans samkvæmt áfengislögum og vopnalögum. Í þessu felst m.a. að samræma vinnureglur fyrir lögregluna í landinu sem hefur eftirlit með því að lög þessi séu haldin og gefur út leyfi af ýmsum toga samkvæmt þeim. Starfsleyfi til að framleiða, flytja inn og versla með vopn, skotelda, sprengiefni og áfengi í atvinnuskyni eru hins vegar gefin út af ríkislögreglustjóranum og þar er haldin um þau skrá. Þá annast deildin útgáfu leyfa fyrir öllum flutningi vopna til og frá landinu. Í sumum tilvikum þar sem lögreglustjórar annast leyfisveitingar samkvæmt vopnalögum þarf heimild ríkislögreglustjórans að liggja fyrir áður en leyfi eru útgefin.

3.3.2 Áfengislög.

Samtals voru í gildi 111 starfsleyfi á grundvelli áfengislaga 31. des. 2000
Leyfisveitingar árið 2000 voru eftirfarandi:

• Leyfisbréf til áfengisframleiðslu:	0
• Leyfisbréf til að stunda áfengisinnflutning og áfengisheildsölu. (þar af 12 bréf v/endurnýjunar á eldri leyfum):	27
• Leyfisbréf til að kaupa og nota etanol og spiritus fortis vegna iðnaðar :	26

3.3.3 Vopnalög.

Samtals voru í gildi um 100 starfsleyfi á grundvelli vopnalaga 31. desember 2000. Þar af voru 54 fyrirtæki með starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri, en aðeins hluti þeirra, eða 12 fyrirtæki, stóðu að innflutningi á þessum vörum á árinu. Þá hafa einstaklingar nýtt sér rétt til að flytja inn skotvopn og skotfæri til eigin nota.

Þótt fyrirtæki hafi starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri þarf að sækja um svokallað “alþjóðlegt innflutningsleyfi” fyrir hverri sendingu til landsins því víða er ekki hægt að fá afgreiðslu erlendis eða að útflutningur til Íslands er ekki leyfður nema þetta leyfi liggja fyrir. Einstaklingar þurfa hins vegar að sækja um sín leyfi til lögreglustjóra í heimahéraði, en þau eru endanlega afgreidd frá ríkislögreglustjóranum.

Leyfisveitingar og heimildir á grundvelli vopnalaga árið 2000:

• Starfsleyfi og endurn. á leyfum til að flytja inn og versla með skotvopn og skotfæri:	13
• Starfsleyfi fyrir skotvopnasafni:	6
• Starfsleyfi til að framleiða skotelda:	0
• Starfsleyfi til að flytja inn og versla með skotelda:	0
• Starfsleyfi til sprengiefnaframleiðslu:	0
• Starfsleyfi til að flytja inn og versla með sprengiefni:	0
• Innflutnings- og skammtímaskotvopnaleyfi fyrir útlendinga:	133
• Skammtímaleyfi til að flytja skotvopn á milli landa um Ísland:	7
• Alþjóðleg innflutningsleyfi fyrir skotvopn og skotfæri til eigin nota:	96
• Alþjóðlegt innflutningsleyfi fyrir skotvopn sem safngripi:	4
• Alþjóðleg innflutningsleyfi fyrir skotv.og skotf. til endursölu, (einstakar pantanir:)	143
• Alþjóðleg innflutningsleyfi til að flytja inn litmerkibyssur,(einstakar pantanir):	13
• Útflutningsleyfi fyrir skotvopn tímabundið:	93
• Útflutningsleyfi fyrir skotvopn varanlega:	4
• Útflutningsleyfi fyrir keppnisboga tímabundið:	1
• Viðurkenning á litboltafélagi:	3
• Heimildir til að gefa leyfi fyrir skammbyssum v/íþróttaskotfimi:	27
• Heimildir til að gefa leyfi fyrir skammbyssum v/atvinnu:	10
• Heimildir til að gefa leyfi fyrir skotvopnum og fl. v/skotvopnasafna:	40
• Heimildir til að nýskrá eldri vopn sem ekki fundust á skrá:	7
• Umsóknum um innflutning eða að eignast vopn synjað:	8

Öll útgefin leyfi og heimildir til leyfisveitinga frá RLS árið 2000 samtals: 667

3.4 Lögreglustjórinn í Reykjavík

3.4.1 Almenn.

Umfangsmikil starfsemi fer fram í afgreiðslu embættisins enda eru þar afgreidd samanlagt um 30 þúsund ökuskírteini og vegabréf auk fjölmargra annarra leyfa. Um mitt sumar 2000 lokaði ríkissaksóknari afgreiðslu sakaskrár hjá embætti sínu og hefur lögregluembættið frá þeim tíma tekið við umsóknum um sakavottorð. Afgreiðsla embættisins var á síðasta ári opin í 251 daga og var tekið á móti 34.668 greiðslum, alls kr. 133.271.640. Því má áætla að um 138 greiðslur séu inntar af hendi á hverjum degi og samtals rúmlega kr. 530.000 greiddar.

3.4.2 Yfirlit yfir helstu leyfi.

	1998	1999	2000
• Gististaðaleyfi	8	23	22
• Eiturleyfi	7	1	11
• Skemmtanaleyfi	158	100**	201
• Skráðir námskeiðsaðilar sem luku meiraprófi	105	940	*
• Útgefin iðju- og iðnaðarleyfi	6	12	9
• Útgefin meistarábréf	84	90	*
• Útgefin vegabréf	15.708	15.619	*
• Útgefin ökuskírteini (ný og til bráðabirgða)	1.847	1.969	*
• Útgefin ökuskírteini (fullnaðar- og endurn.)	12.087	11.145	12.710
• Veitingaleyfi	50	134	159
• Afnotaleyfi (leyfi til að nota skotvopn annarra)	*	*	*
• Skotvopnaleyfi	*	*	*
• Skotvopn	*	*	*
• Útskrifaðir með próf í meðferð skotvopna	*	*	*
• Útgefin sprengileyfi	*	*	*

* Tölur liggja ekki fyrir

** Auk 187 til bráðabirgða

3.5 Sýslumaðurinn í Reykjavík.

3.5.1 Þinglýsinga- og skráningadeild.

Starfshópurinn fjallaði ekki um þinglýsingakerfið og það sem því tengist, þar sem það er í heildarendurskoðun í tengslum við Landsskrá.

Tilkynning til firmaskrár – eyðublað sem viðskiptavinur (eða sýslumaður) útfyllir, var notað sem spjald í spjaldskrá, sú spjaldskrá hefur nú verið tölvuskráð. Gjald fyrir þetta kr. 2.868- (1.000+1.868 v. tilk. í Lögbirtingarblað). 103 tilkynningar voru skráðar árið 1999.

3.5.2 Sjfja- og skiptadeild.

3.5.2.1 Skiptamál.

	1999	2000
• Beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi. – Útgefin búsetuleyfi: (Leiðbeiningar eru um útfyllingu eyðublaðsins)	205	233
• Beiðni um leyfi til einkaskipta – Lok einkaskipta: (Leiðbeiningar eru um útfyllingu eyðublaðsins)	460	460
• Leiðbeiningar f. tilkynnanda andláts (ekki eyðublað) - Tilk. andlát:	929	883
• Erfðafjárskýrsla:	656	648
• Skiptayfirlýsing:		

Ekki er tekið sérstakt gjald í tengslum við þessi eyðublað sem slík, erfðafjárskattur innheimtur að lokum.

3.5.2.2 Málefni yfirlögráðanda.

	1999	2000
• Beiðni lögráðamanns um samþykki yfirlögráðanda skv. 69.-72. gr. laga nr. 71/1997. Beiðnir til meðferðar: (Skýrsla um fjárhald og umsýslu eigna ófjárráða skv. 63. gr.)	245	190

Síðartalda eyðublaðið (7 bls. á lengd) er að finna á www.stjr.dkm sem PDF skjal. Ekki um sérstakt gjald að ræða hér.

3.5.2.2 Sifjamálefni.

	1999	2000
• Hjónavígsluskýrsla (könnunarvottorð – svaramannavottorð). Vígslur framkvæmdar (gjald kr. 4.600):	187	179

Samtals 17 önnur eyðublöð eru í notkun í sifjamálunum, ýmist beiðnir um meðferð mála, eyðublöð fyrir samninga, greinargerðir og yfirlýsingar. Ekki er um að ræða gjald fyrir eyðublöð eða málsmeðferðir í þessum málum, utan gjalds skv. aukatekjulögum fyrir útgefin skilnaðarleyfi og staðfestingu sambúðarslita (2.800, 2.300, 1.200). Ekki er gott að nefna málafjölda í hverju tilviki, en mál skráð í sifjamálkerfið voru samtals 2.258 árið 2.000 en 1.916 árið 1999.

Eyðublöðin eru þessi:

• Faðernisviðurkenning (einnig til á ensku og dönsku)
• Yfirlýsing vegna blóðrannsóknar
• Beiðni um ákvörðun um umgengni
• Samningur um umgengni
• Samningur um sameiginlega forsjá og meðlagsgreiðslur
• Samningur um forsjá annars foreldris og meðlagsgreiðslur
• Beiðni um úrskurð um aukið meðlag
• Greinargerð um fjárhag og félagslega stöðu
• Beiðni um úrskurð um meðlag (einnig á ensku)
• Beiðni um úrskurð um meðlag til bráðabirgða
• Beiðni um fjárframlag vegna menntunar/starfsþjálfunar ungmennis (einnig á ensku)
• Samningur um slíkt framlag
• Beiðni um sérstakt fjárframlag frá meðlagsskyldu foreldri
• Samningur um slíkt framlag
• Samningur um meðlagsgreiðslur
• Samningur um breytingu á úrskurði eða fyrri samningi um meðlag

4. Rafrænar undirskriftir.

Rafrænar undirskriftir eru grundvallaratriði í rafrænum samskiptum, hvort sem um er að ræða samskipti á milli borgara og stjórnsýslu, viðskipti eða annað. Þetta svið er í mikilli og hraðri þróun.

Viðskiptaráðherra lagði fram á síðasta löggjafarþingi frumvarp til laga um rafræn viðskipti sem m.a. er ætlað að stuðla að öryggi í viðskiptum og öðrum samskiptum í opnum kerfum. Samþykkt voru lög nr. 28 7 maí 2001 um rafrænar undirskriftir og öðluðust þau þegar gildi. Samkvæmt lögnum hefur rafræn undirskrift

að jafnaði sömu réttaráhrif og handrituð. Strangar öryggiskröfur eru settar um rafrænar undirskriftir og þjónustu þeim tengdum, vottun, eftirlit o.fl.

5. Fylgigögn með umsóknum.

Ýmsum umsóknum um leyfi, vottorð o.þ.h. þurfa að fylgja ýmis gögn, s.s. læknisvottorð, sakavottorð o.fl. Þrátt fyrir að umsókn geti verið send með rafrænum hætti þarf almennt að senda fylgigögn umsóknarinnar með hefðbundnum hætti, þar sem yfirleitt má segja að frumrit þurfi að liggja fyrir. Ómögulegt er þó að segja hvort tækninýjungar í framtíðinni geti leitt til þess að unnt verði að senda hin ýmsu fylgigögn með rafrænum hætti um leið og umsókn.

6. Gjaldtaka vegna leyfa, vottorða o.þ.h.

Mörg leyfi og vottorð eru gjaldskyld. Ýmist þarf að greiða gjaldið um leið og umsókn er lögð fram eða þegar leyfi eða tiltekin réttindi eru veitt. Sem dæmi um gjald fyrir leyfi sem greitt er eftirá, má nefna gjald fyrir starfsleyfi til að reka öryggisþjónustu. Af gjöldum sem greiða skal þegar umsókn er lögð fram má nefna ökuskírteini, sbr. 87. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997. Lögreglustjóri getur þó í vissum tilvikum ákveðið að gjöld skulu greidd síðar. Hins vegar má nefna vegabréf, en samkvæmt 8. gr. reglugerðar um íslensk vegabréf nr. 624/1999 skal umsækjandi afhenda greiðslu um leið og sótt er um vegabréf.

Þegar umsókn er send með rafrænum hætti sem greiða þarf gjald fyrir um leið og umsóknin er lögð fram, er unnt að inna greiðslu af hendi með netgreiðslu. Í þeim tilvikum á gjaldtakan ekki að koma í veg fyrir möguleika rafrænna umsókna. Form.is getur haft milligöngu um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar þjónustu stofnunar/embættis við notanda.

7. Rafræn eyðublöð.

7.1 Eyðublöð o.fl. sótt á heimasíðu og prentuð þar út.

Eyðublöð sett á heimasíðu ráðuneytisins eða stofnun, þar sem almenningur getur sótt þau, prentað og fyllt út og sent til viðkomandi aðila með venjulegum hætti. Eyðublöð yrðu á svokölluðu PDF-formi, þannig að eyðublöð myndu ekki breytast þegar þau yrðu prentuð út, þrátt fyrir að notendur hafi mismunandi uppsetningar um textastærð, spássíður o.fl. í tölvum sínum. Þannig yrðu eyðublöð eins við útprentun hjá öllum notendum. Ekki væri unnt að fylla þau út í tölvunni eða senda með rafrænum hætti. Segja má að þetta sé sú leið sem gengur skemmst og er einföld í uppsetningu. Sérstakt forrit þarf til að setja upp PDF-skjöl.

Dómsmálaráðuneytið hefur nú þegar sett á heimasíðu ráðuneytisins hin ýmsu eyðublöð ýmist sem PDF-skjöl sem þarf að prenta út og fylla síðan út, eða Word-skjöl sem hægt er að prenta út eða fylla út á skjánum og prenta síðan út. PDF-skjölin krefjast prentforritsins Acrobat Reader. Forritið er hægt að nálgast á heimasíðu ráðuneytisins.

7.2 Eyðublöð o.fl. sótt á heimasíðu, fyllt út í tölvu og prentuð út.

Eyðublöð sett á heimasíðu sem Word-skjöl, þannig að sum svæði í skjalinu sem fylla skal út verða læst en önnur svæði verða opin. Þannig gæti almenningur ekki breytt eyðublöðunum, nema að því leyti að suma reiti væri t.d. hægt að stækka eftir því hversu umfangsmiklar upplýsingar aðila óskar eftir að setja á eyðublaðið. Starfshópurinn telur þetta vera fljótlega og góða lausn. Starfsmaður með excel þekkingu og e.t.v. umbroti gæti sett upp slík skjöl.

Form.is er fyrirtæki sem getur boðið upp á eyðublöð til útprentunar á vefssvæðum ráðuneytisins og stofnana þess. Dæmi um slíka útfærslu er að finna á vefssvæðum samstarfsaðila Form.is. Má þar annars vegar nefna Íbúðalánasjóð (<http://www.ils.is/ils.nsf/pages/eydublod.html>) og hins vegar Hafnarfjarðarbæ (<http://hafnarfjordur.is/eydublod.htm>).

Til að nota prentútgáfuna af eyðublöðunum eru ekki gerðar neinar kröfur um viðbótar hugbúnað eins og Acrobat Reader eða álíka hjá notanda. Prentútgáfur Form.is byggja alfarið á einföldu HTML og gera þar af leiðandi engar kröfur til búnaðar hjá notanda annað en vefskoðara 4.0 eða nýrri, en samkvæmt alþjóðlegum tölum munu 95% af vefskoðurum vera 4.0 eða nýrri. Prentútgáfunar innihalda alla þá skilyrðingu sem hægt er að setja í eyðublöð eins og t.d. skylduútfyllingarsvæði. Ætlast er til þess að notandi fylli út í umsóknina á Netinu og velji síðan “prenta” hnapp neðst á eyðublaðinu. Við það að velja “prenta” hnappinn þá er umsóknin yfirfarin og aðeins prentuð út ef öll skilyrði eru uppfyllt um útfyllingu. Sú útprentun sem kemur út er á sama sniði og aðrar HTML síður og fylgir þar af leiðandi þeim uppsetningum um textastærð, spássíður o.fl., sem annars er hægt að stilla í vefskoðurum (File-Page Setup). Þetta hefur þær afleiðingar að umsókn hjá einum notanda geti verið á einni blaðsíðu en hjá öðrum á tveimur síðum. Form.is er að skoða hvernig hægt er að fara framhjá þessari stýringu vefskoðarans, en rétta leiðin hefur ekki verið fundin ennþá.

Kostnaður við þjónustu Form.is miðast við að greitt sé fyrir hverja útprentun. Ekki er því um stofnkostnað að ræða, s.s. við uppsetningu eyðublaðanna. Form.is skráir alla útprentun með tíma, tegund umsóknar og IP tölu sem prentað er frá og aðeins er tekið gjald fyrir eina útprentun á mínútu að hámarki. Þetta þýðir að ef notandi velur að prenta út 10 eintök af ákveðinni umsókn og það tekur 3 mínútur, þá greiðir ráðuneytið/stofnun aðeins fyrir þrjár útprentanir, en ekki 10. Skrárnar eru sendar mánaðarlega. Verðið ræðst af fjölda útprentana á ári óháð fjölda tegunda eyðublaða og innifalið í verðinu er öll vinna við uppsetningu, hýsingu og viðhaldi á umsóknum:

100 útprentanir gefa kr. 90 á útprent eða kr. 9.000 á ári
500 útprentanir gefa kr. 83,2 á útprent eða kr. 41.600 á ári
1000 útprentanir gefa kr. 77,6 á útprent eða kr. 77.600 á ári.

Hægt er að fá prentútgáfur á eyðublöðum ráðuneytisins og stofnana þess á innan við viku.

7.3 Gagnvirk rafræn samskipti.

Form.is er eina fyrirtækið sem býður þjónustu á sviði rafrænna samskipta, þ.e. gagnvirk rafræn samskipti á netinu á milli notanda (einstaklinga og/eða fyrirtækja) annars vegar og stofnana/embætta er sinna stjórnslu hins vegar. Slík gagnvirk samskipti felast í miðlun upplýsinga frá heimasíðu notanda á www.form.is inn í tölvukerfi stofnunar/embættis og miðlun rafrænna upplýsinga frá stofnun/embætti til notanda.

Notandi fyllir út eyðublað á vefnum og sendir inn í gegnum Form.is sem sendir rafræna eyðublaðið beint til afgreiðslu til viðkomandi stofnunar/embættis, sem afgreiðir erindið og getur sent rafrænar tilkynningar til umsækjanda um framvindu málsins. Endanlegt svar og tilkynningar berast notanda í gegnum Form.is eða eftir hefðbundnum leiðum.

Til að nota þjónustuna þarf notandinn að fá afhent frá Form.is rafrænt skírteini sem veitir honum aðgang að eigin heimasvæði á Form.is. Notandi fær notendanafn og lykilmúmer, líkt og með heimabanka.

Form.is setur upp hugbúnað til tengingar við tölvukerfi stofnunar/embættis, hönnunar og uppsetningar rafrænna skjala fyrir stofnunina/embættið, sem innihalda reglur og leiðbeiningar um rétta útfyllingu og sendingu skjala. Um er að ræða hugbúnað (“SDR – Servex Document Router”) á viðeigandi tölvukerfi stofnunar/embættis, sem gerir stofnuninni/embættinu kleift að móttaka og senda rafræn skjöl til Form.is á öruggu formi. Þessi tenging við Form.is gerir tölvukerfum stofnana/embætta og Form.is kleift að miðla sín í milli rafrænum skjölum á öruggan hátt með notkun dulkóðunar og brenglunar.

Form.is sér um rekstur og viðhald á kerfinu í samvinnu við stofnunina/embættið, s.s. breytingar á eyðublöðum, gerð nýrra eyðublaða o.fl.

7.4 Hönnun eigin vefviðmóts – gagnagrunnslausn.

Unnt er að hanna eigið vefviðmót (gagnagrunnslausn) í stað þess að nota þjónustu Form.is, sbr. kafla 7.3 hér að ofan. Stofnkostnaður þess væri hins vegar verulegur, en gera má ráð fyrir að kostnaður yrði að lágmarki frá 3-10 milljónum. Þá yrði að gera ráð fyrir ýmsum rekstrarkostnaði í framtíðinni. Ennfremur gæti þessi lausn verið vandkvæðum bundin af öryggisástæðan. Starfshópurinn kannaði af þessum ástæðum þennan möguleika ekki til hlýtar.

8. Samantekt.

Starfshópurinn telur ótvírætt að rafrænum eyðublöðum fylgi mikill kostur bæði fyrir almenning og hinn opinbera aðila. Þannig getur almenningur sótt þjónustu á Netinu og sparað sér ferð til að ná í eyðublöð og síðan skila þeim. Þá myndu slík eyðublöð án efa minnka mikið álag á afgreiðslu stofnunar. Rafræn samskipti eiga sér þegar stað og fara vaxandi, þ.e. samskipti með tölvupósti. Ekki liggja fyrir upplýsingar um tölur eða umfang slíkra samskipta.

Frá því að starfshópurinn var skipaður hefur fjöldi eyðublaða o.fl. verið sett á heimasíðu ráðuneytisins og því spurning um hvaða frekari skref skuli taka.

Ekki verður séð að unnt sé í öllum tilvikum að koma á gagnvirkum umsóknum með rafrænum hætti, þ.e. sækja umsóknir og senda með rafrænum hætti, eins og í þeim tilvikum sem ýmis gögn þurfa að fylgja umsókn, s.s. mynd af viðkomandi, læknisvottorð, sakavottorð o.fl., og þegar undirskrift umsækjanda er nauðsynleg. Þrátt fyrir að sett hafi verið lög um rafrænar undirskriftir er nokkuð í land með framkvæmdina þannig að rafrænar undirskriftir verði notaðar.

Stór hluti umsókna hjá ráðuneytinu og stofnunum þess eru með þeim hætti að undirskrift umsækjanda er nauðsynleg eða ýmis gögn þurfa að fylgja umsókn. Það verður þó að taka fram að þó fylgigögn séu nauðsynleg með umsókn væri hægt að senda umsóknina sjálfa með rafrænum hætti en fylgigögnin með hefðbundnum hætti. Skilyrði um greiðslu þegar umsókn er lögð fram á hins vegar ekki að vera hindrun þar sem þá er hægt að framkvæma netgreiðslu. Þá þurfa leyfi, vottorð o.þ.h., sem ráðuneytið eða stofnun veitir, almennt að vera undirrituð, stimpluð o.sv.fr. og því ekki

unnt að senda umsækjanda með rafrænum hætti, a.m.k. enn sem komið er. Starfshópurinn telur að þó umsókn verði einungis sótt með rafrænum hætti en ekki send rafrænt til stofnunar, eða leyfi síðan sent umsækjanda rafrænt, hafi það kosti og hagræði í för með sér að koma upp rafrænum eyðublöðum sem hægt er að prenta út eða sem hægt er að fylla út í tölvunni og síðan prenta út, þá helst með því að hafa svæði sem skylt er að fylla út.

Mjög mismunandi ferli er á bak við hverja umsókn um leyfi o.þ.h., hjá ráðuneytinu og stofnunum þess. Þá eru tölvukerfi í einstökum málaflokkum mismunandi eða ekki til staðar. Þannig er t.d. eitt forrit fyrir dánaskrá og annað fyrir sífjamál hjá sýslumönnum. Þá er í vinnslu sérstakt leyfisveitingakerfi fyrir lögreglu. Eigi að nota þjónustu Form.is þarf vegna tengingar við Form.is, að skoða hvert tilvik fyrir sig með tilliti til þess hvaða tengingar eru mögulegar. Til þess þyrfti að fara fram einhver greiningarvinna vegna tölvumála. Starfshópurinn leggur því til að viðræður verði hafnar við Form.is um þá þjónstu sem fjallað er um í kafla 7.2, sem síðar gæti orðið grundvöllur að gagnvirkum rafrænum samskiptum. Jafnframt verði tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins falið að skoða hvort og hvaða ráðstafanir þurfi að gera vegna tölvutenginga.

Reykjavík, 14. desember 2001

Sandra Baldvinsdóttir

Anna Mjöll Karlsdóttir

Snorri Sigurjónsson

Stefán Hirst